

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ályktun um
öryggi lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ) haldinn í Kópavogi 14. október 2022 skorar á allar heilbrigðisstofnanir að tryggja öryggi lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna við störf þeirra. Reynslan sýnir að vankantar eru þar á, en LÍ er kunnugt um alvarlegar árásir á lækna við störf þeirra. Mikilvægt er að unnið sé eftir samræmdu verklagi til að fyrirbyggja og bregðast við öryggisógn gegn heilbrigðisstarfsfólki.